


Sífelld fleiri

reyna **BARUM**
— vegna verðsins

Ennþá fleiri kaupa
BARUM aftur og aftur
vegna gæðanna



TÉKKNESKA BIFREIÐAUMBODIÐ Á ÍSLANDI H.F.

ŠKODA 
BÚÐIN
AUBREKKU 44 - 46,
KÓPAVOGI — SÍMI 42606

N. BARDI
GARÐAHREPPI SÍMI 50606

RAFVIRKJAR — RAFTÆKNAR

Staða rafmagnseftirlitsmanns III hjá Rafmagnsveitum ríkisins á Suðurlandi er laus til umsóknar.

Laun samkvæmt launakerfi ríkisins.

Umsóknir um stöðuna ásamt upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf sendist starfsmannadeild fyrir 15. maí n.k.

RAFMAGNSVEITUR RÍKISINS
Laugavegi 116
Reykjavík

BYGGINGA FÉLAG ALÞYÐU
REYKJAVÍK

TIL SÖLU

Tveggja herbergja íbúð í þriðja byggingaflokki til sölu. Umsókn um sé skilað til skrifstofu félagsins fyrir kl. 7 þriðjudaginn 15. þ.m.

Stjórnin.

KERFISFRÆÐINGUR — FRAMKVÆMDASTJÓRI

Allir íslensku bankarnir hafa ákveðið að reka sameiginlega rafreiknimeðstöð undir nafninu Reiknistofa bankanna.

Reiknistofan óskar að ráða framkvæmdastjóra, sem æskilegt væri að gæti tekið til starfa hið fyrsta.

Umsækjandi um starfið þarf að vera kerfisfræðingur að mennt og hafa haldgóða þekkingu og reynslu í rekstri skýrsluvéla.

Umsóknir um starfið sendist fyrir lok mánaðar til formanns stjórnarinnar, Helga Bergs, bankastjóra, Landsbanka Íslands, og veitir hann einnig nánari upplýsingar.

STJÓRN REIKNISTOFU BANKANNA

Landssamband
vörubifreiðaeigenda:

Vilja hærri lán

og
betri

tryggingar

Aðalfundur Landvara, landsfélags vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, var haldinn 8. apríl s.l.

Stjórn félagsins var öll endurkjörin, en hana skipa:

Formaður Aðalgeir Sigurgeirsson, Húsavík. Meðstjórnendur Ólafur Ólafsson, Hvolsvelli, Óskar Jónsson, Dalvík. Í varastjórn Pétur Jónsson, Akureyri, Ólafur Sverrisson, Borgarnesi.

A fundinum var gerð grein fyrir tillögu til þingsályktunar, er félaginu hafði borizt til umsagnar frá fjárveitinganefnd alþingis. Eftir nokkrar umræður um tillögunu samþykkti fundurinn eftirfarandi ályktun:

„Aðalfundur Landvara, landsfélags vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, haldinn 8. apríl 1973, fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag þeirra flutninga. Fundurinn telur stofnun verðjöfnunarsjóðs sjálfsgert réttlætismál og æskir þess, að Landvari fái að fylgjast með undirbúningi að stofnun sjóðsins og býður fram í því sambandi alla þá aðstoð, sem félagið getur látið í té“.

Miklar umræður urðu um þungaskattsinnheimtu og seinlæti ráðamanna varðandi tillögur og beinið frá félaginu um endurskoðun þeirra mála. Var síðan eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Aðalfundur Landvara, landsfélags vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum haldinn 8. apríl 1973 ítrekar fyrri greinargerðir og áskoranir til samgönguráðherra og fjármálaráðherra og harmar að einu viðbrögð ráðherranna skuli vera 25% hækkun á þungaskatti, sem þegar var óbærileg byrði vöruflutjendum og lögfesting þess óréttlætis að láta vöruflutningabifreiðar greiða 45% hærri þungaskatt en aðrar sambærilegar bifreiðar.

Fundurinn krefst þess, að margumbeðin endurskoðun á innheimtu þungaskatts verði nú þegar hafin og að Landvari eigi aðild að þeirri endurskoðun.

Ennfremur skorar fundurinn á samgönguráðherra að skipa nú þegar nefnd til þess að endurskoða lög og reglugerðarákvæði um öxulþunga, hleðslumörk og heimildir til notkunar tengivagna. Landvari æskir þess jafnframt að eiga fulltrúa í nefndinni.“

Fram kom á fundinum, að vegna gengisbreytinga og verðhækkana væri félagsmönnum orðið nær ókleift að endurnýja bifreiðar sínar á eðlilegan hátt. Töldu fundarmenn óviðunandi, að út á svo dýr atvinnutæki skuli hvergi vera veitt lán og gerðu þeir í því sambandi eftirfarandi samþykkt:

„Aðalfundur Landvara, landsfélags vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum haldinn 8. apríl 1973, telur stjórn félagsins að vinna að því við viðkomandi ráðuneyti, að félagsmenn fái aðgang að sjóðum, er veitt geti lán til kaupa á vöruflutningabifreiðum“.

Rætt var um síhækkandi reksturskostnað vöruflutningabifreiða og tregðu verðlagsyfirvalda á því að heimila taxa-hækkanir til samræmis. Einnig var rætt um tryggingarmál og þörf félagsmanna á því að ná hagkvæmari tryggingum og þá staðreynd, að sífjölgaði tjónum einkabifreiða fylgdi óeðlileg hækkun á iðgjöldum vöruflutningabifreiða.

Önnur mál, er rædd voru, vörðuðu innra starf félagsins og framtíð þess.

Skrifstofustúlka óskast

Í röntgendeild Landspítalans er laust starf fyrir skrifstofustúlku. Vinnutími frá kl. 10 til 16. Nánari upplýsingar gefur skrifstofustjóri röntgendeildar Landspítalans á staðnum og í síma 24160.

Reykjavík, 8. maí 1973.
Skrifstofa ríkisspítalanna.

Frá Mýrarhúsaskóla

Innritun nemenda, sem hefja nám við barna- og gagnfræðaskólann næsta haust, verður fimmtudaginn 10. þ.m. frá kl. 1-3.

Einnig þarf að tilkynna um nemendur sem flytja í annað skólahverfi.

Skólastjóri

Tilboð óskast

í 20 tn. valtara er verður sýndur að Grensásvegi 9 næstu daga. Tilboðin verða opnuð í skrifstofu vorri fimmtudaginn 17. maí kl. 11 árd.

Sala varnarliðseigna.

Bifvélavirki - Vélvirki

Óskum að ráða bifvélavirkja eða vélvirki nú þegar eða frá og með næstu mánaðamótum.

Upplýsingar um starfið eru veittar hjá verkstjórnunum í Ahaldahúsi vegagerðarinnar, Borgartúni 5.

Vegagerð ríkisins

Uppeldismálaþing

Uppeldismálaþing verður haldið í Reykjavík dagana 6. til 7. júní n.k. Þingið verður sett þann 6. júní kl. 10 f.h. í Súlnasal Hótel Sögu.

Aðalmál þingsins verður: Kennaramenntunin.

Flutt verða framsöguerindi, og hringborðsumræður fara fram um ákveðna þætti kennaramenntunarinnar.

Uppeldismálaþingið er opið öllum kennurum og öðru áhugafólki um skóla- og uppeldismál.

Samband íslenskra barnakennara
Landssamband framhaldsskólakennara
Félag háskólamenntaðra kennara.

AÐALFUNDUR

Vélfélags Íslands verður haldinn að Hótel Sögu fimmtudaginn 17. maí og hefst kl. 20.

Fundarefni:

1. lýst kjöri nýrrar stjórnar.

2. venjuleg aðalfundarstöf.

Reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Bárugötu 11.

Stjórnin.